

**REGLUGERÐ**  
**um notkun þjóðfána Íslendinga við markaðssetningu á vöru og þjónustu**

1. gr.

*Gildissvið*

Reglugerð þessi tekur til notkunar þjóðfána Íslendinga samkvæmt lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, við markaðssetningu á vöru og þjónustu.

2. gr.

*Skilgreiningar*

Í reglugerð þessari er merking orða og hugtaka sem hér segir:

- a. *Aðvinnsla*: Framleiðsla eða vinnsla vöru.
- b. *Eðlislíkt hráefni*: Hráefni telst vera eðlislíkt ef það, eftir því sem við á og samkvæmt eðli, einkennum, eiginleikum og einstöku notagildi sínu, er eins eða svipar til hráefnis sem því er ætlað að koma í stað/viðkomandi vöru.
- c. *Framleiðsluland*: Það land þar sem nægileg aðvinnsla vöru fer fram til þess að hún verði talin upprunnin þaðan.
- d. *Hönnunarvara*: Vara í skilningi 2. tölul. 2. gr. laga um hönnun, nr. 46/2001, sem notið getur hönnunarréttar samkvæmt ákvæðum þeirra laga.
- e. *Nægileg aðvinnsla*: Framleiðsla eða vinnsla vöru sem skapar næga virðisaukningu til þess að unnt sé að meta vöruna íslenska.

3. gr.

*Notkun þjóðfána Íslendinga við markaðssetningu*

Óheimilt er að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða öðru þess háttar. Óheimilt er að nota fánann í firmamerki.

Heimilt er að nota hinn almenna þjóðfána Íslendinga í merki, sbr. þó 1. mgr., eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu sé vara eða starfsemi sú sem í hlut á íslensk og fánanum ekki óvirðing gerð.

Vara telst íslensk ef hún er:

- a. framleidd hér á landi úr innlendu hráefni,
- b. framleidd hér á landi úr innfluttu hráefni að hluta eða öllu leyti, enda hafi hún hlotið nægilega aðvinnslu hérlendis.

Þrátt fyrir b-lið 3. mgr. telst vara ekki íslensk ef hún er framleidd úr innfluttu hráefni sem telst vera einkennandi hluti vörunnar og er eðlislíkt:

- a. búvöru, þ.m.t. afurðum eldisfiska, sem er ræktuð hér á landi,
- b. vöru sem er framleidd hér á landi á garðyrkjubýli, gróðrarstöð eða garðyrkjustöð,
- c. nytjastofnum sjávar sem veiddir eru af íslenskum skipum innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

4. gr.

*Nægileg aðvinnsla*

Við mat á því hvort vara hafi hlotið nægilega aðvinnslu til þess að hún teljist íslensk, sbr. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944, þrátt fyrir að vera unnin að hluta eða öllu leyti úr innfluttu hráefni skal meðal annars tekið mið af ákvæðum 5. gr. bókunar 4 við EES-samninginn að teknu tilliti til 6. gr. bókunar 4 við EES-samninginn, sbr. og aðvinnsluskrár II. viðbættis við bókun 4 við EES-samninginn.

5. gr.

*Tilgreining framleiðslulands*

Tilgreina skal framleiðsluland hönnunarvöru sem telst íslensk í skilningi 6. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1994 en framleidd er erlendis.

Við ákvörðun um hvert teljist framleiðsluland vöru skal meðal annars tekið mið af ákvæðum 5. gr. bókunar 4 við EES-samninginn að teknu tilliti til 6. gr. bókunar 4 við EES-samninginn.

Þess skal gæta að framleiðsluland vöru sé tilgreint með skýrum og greinilegum hætti og að tilgreiningin sé sett fram í samhengi við notkun þjóðfánans þannig að neytendum séu ekki veittar rangar eða villandi upplýsingar um framleiðsluland vöru.

6. gr.

*Eftirlit Neytendastofu*

Neytendastofa annast eftirlit með reglugerð þessari. Aðgerðir Neytendastofu geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði, sbr. 2. mgr. 21. gr. b. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005.

Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn reglugerð þessari. Sektor geta numið allt að 10 millj. kr.

Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið á grundvelli reglugerðar þessarar getur Neytendastofa ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni, sbr. 23. og 24. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, svo og um eftirlit, viðurlög og réttarúrræði Neytendastofu, nr. 57/2005,.

7. gr.

*Lagastoð og gildistaka*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 11. mgr. 12. gr. laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, og öðlast þegar gildi.

## **Greinargerð með reglugerð um notkun þjóðfána Íslendinga við markaðssetningu á vöru og þjónustu.**

Reglugerðinni er ætlað að skýra nánar ákvæði 12. gr. laga nr. 34/1944, sbr. 2. gr. laga nr. 28/2016, þar sem veitt er heimild til notkunar þjóðfána Íslendinga við markaðssetningu á vöru og þjónustu. Tilgangur laga nr. 28/2016 var að heimila notkun þjóðfánans í ríkara mæli en áður var þó þannig að þess yrði gætt að neytendum yrðu ekki veittar villandi upplýsingar um uppruna vörunnar. Auk þessa var ætlunin að einfalda ferlið þannig að Neytendastofa sinni eftirliti með notkun þjóðfánans í stað þess að fyrirtæki leiti fyrirfram samþykkis forsætisráðuneytisins fyrir notkuninni.

Í 11. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944 er sérstaklega kveðið á um að í reglugerð þar sem fram kæmu nánari ákvæði um skilyrði fyrir notkun fánans samkvæmt ákvæðinu skyldi fjallað um hvað teldist nægileg aðvinnsla, um mat á því hvað teljist einkennandi hluti vöru og eðlislíkt hráefni og um skilgreiningu framleiðslulands. Við vinnslu reglugerðardraganna hefur verið höfð hliðsjón af þessum atriðum.

Í meirihlutaálitum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar um frumvarp það er varð að lögum nr. 28/2016 í 2. umræðu málsins (þingskjal 629 – 156. mál) segir að meirihlutinn telji nauðsynlegt að útfært verði nánar í reglugerðinni hvaða kröfur eigi að gera til slíkra merkinga, þ.e. hvort samræmi eigi að vera í þeim, t.d. hvernig liti megi nota, hversu stór fáninn megi vera og hvort hann megi umlykja vöruna eða eigi að vera í tilteknu stærðarhlutfalli við hana. Eðlilegt sé að slík atriði verði nánar útfærð í reglugerð og að höfðu samráði við Staðlaráð Íslands. Í 12. gr. er að finna efnisskilyrði þess hvenær notkun fánans er heimil en formskilyrði notkunar hans eru engin önnur en þau að fánanum skuli ekki óvirðing gerð. Nánari útfærsla formskilyrða rúmast því ekki innan reglugerðarheimildar 11. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1994. Þannig verða heimildarákvæði 12. gr. laga nr. 34/1944 heldur ekki takmörkuð við þau tilvik þar sem notkun þjóðfánans í merkingum eða markaðssetningu á vöru eða þjónustu er samkvæmt formsskilyrðum laganna. Eftirlit Neytendastofu með ákvæði 12. gr. mun því ekki takmarkast við formskilyrði og verður forsætisráðuneytinu hér eftir, sem hingað til, falið eftirlit með slíkum formskilyrðum skv. lögum nr. 34/1944 og auglýsingu forsætisráðuneytisins nr. 32/2016, um liti íslenska fánans.

Athugasemdir við einstaka greinar reglugerðarinnar:

### Um 1. gr.

Ákvæðið kveður á um gildissvið reglugerðarinnar. Í reglugerðinni er að finna nánari útfærslu á því í hvaða tilvikum framleiðendum og seljendum er heimilt að notast við þjóðfána Íslendinga við markaðssetningu á vöru og þjónustu. Reglugerðin kveður ekki á um skyldu til notkunar fánans heldur þau tilvik þar sem framleiðanda er heimil slík notkun.

### Um 2. gr.

Í 2. gr. er að finna skilgreiningar hugtaka. Í a. lið 1. mgr. er skilgreining *framleiðslulands* og hefur verið valin sú leið að við ákvörðun um framleiðsluland verði litið

til upprunareglna EES. *Eðlislík hráefni* er skilgreint í b. lið 1. mgr. sem það hráefni sem svipar til annars hráefnis að því er varðar eðli þess, einkenni, eiginleika og, ef við á, einstakt notagildi. Að teknu tilliti til víðtæks gildissviðs ákvæðis 12. gr. laga nr. 34/1944 verða ekki fastmótuð öll þau sjónarmið sem líta ber til við mat á því í hvaða tilvikum innflutt vara teljist eðlislík þeim vörum sem tilgreindar eru í staflíðum a.-c. 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Raunar verður að telja nauðsynlegt að skilið verði eftir rúm til mats og að fastari skorður muni mótast með framkvæmd 12. gr. laga nr. 34/1944 og reglugerðar þessarar. Lýst er þeim sjónarmiðum, sem að minnsta kosti skal litið til við matið, í 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Í c. lið 1. mgr. er að finna skilgreiningu hugtaksins *hönnunarvara*. Er þar vísað til skilgreiningar 2. tölul. 2. gr. laga um hönnun, nr. 46/2001. Í grunninn teljast flestar vörur hönnunarvörur og geta notið hönnunarréttar samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/2001. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 28/2016 er ekki um það fjallað hvaða greinarmun skuli gera annars vegar á vöru og hins vegar hönnunarvöru. Því verður ekki unnt að líta til annarra sjónarmiða en nú þegar eru til staðar í gildandi lögum um efnið. Þá er í d. lið 1. mgr. fjallað um að *Nægileg aðvinnsla* feli í sér framleiðslu eða vinnslu vöru sem skapi næga verðmætaaukningu til þess að vara verði metin íslensk. Vísast í þessu sambandi til ákvæðis 4. gr. reglugerðarinnar þar sem fram koma þau viðmið sem litið mun verða til við mat á því hvenær aðvinnsla telst nægileg.

#### Um 3. gr.

Í 3. gr. reglugerðarinnar eru tekin upp ákvæði 3., 4. og 5. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944 þar sem kveðið er á um heimild til notkunar þjóðfánans í merkingum og við markaðssetningu á vöru eða þjónustu. Tilgangur breytingalaga nr. 28/2016 var að rýmka til um heimildir framleiðenda til að merkja vörur eða þjónustu sína íslenska fánanum eða notast við hann í vörumerki og auglýsingum fyrir vöru eða þjónustu, þó með þeim hætti að neytendum séu ekki veittar villandi upplýsingar um uppruna vörunnar. Þannig er sett fram það grunnmarkmið að íslenskar vörur megi merkja þjóðfánanaum. Í 3. og 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar og 4. og 5. mgr. 12. gr. laganna koma fram viðmið um það hvaða skilyrði vara eða þjónusta þarf að uppfylla til að geta talist íslensk þannig að heimilt væri að merkja hana íslenska fánanum.

Ákvæði a. liðar 3. mgr. felur í sér þá grundvallarreglu að vara teljist íslensk sé hún framleidd hér á landi úr innlendu hráefni. Um það álitaefni hvort einhver hluti aðvinnslunnar megi fara fram erlendis án þess að varan glati íslenskum uppruna sínum vísast til umfjöllunar með 6. gr. reglugerðarinnar. Með b. lið 3. mgr. er skilyrðið gert víðtækara þannig að vara geti talist íslensk sé hún framleidd hér á landi úr innfluttu hráefni hafi varan hlotið nægilega aðvinnslu hér á landi. Í 4. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um það hvaða sjónarmið munu koma til álita við mat á því hvenær nægileg aðvinnsla hefur farið fram.

Í 4. mgr. 3. gr. eru settar skorður við það í hvaða tilvikum vara geti talist íslensk sé hún framleidd úr innfluttu hráefni. Þannig er í ákvæðinu kveðið á um það að sé hið innflutta hráefni einkennandi hluti vörunnar og það eðlislíkt þeim vörum sem tilgreindar eru í staflíðum a.-c. þá verði varan ekki talin íslensk. Eins og áður segir var tilgangur breytingalaga nr. 28/2016 sá að rýmka fyrir heimild til notkunar þjóðfánans en að sama skapi skyldi áfram standa vörð um íslenska framleiðslu og þess gætt að neytendum yrðu ekki veittar villandi upplýsingar. Íslenskar vörur geta í mörgum tilvikum þótt sérstaklega eftirsóknarverðar vegna eiginleika þeirra og þarf í þeim tilvikum að gæta þess að sérkenni þeirra verði áfram varin. Að

teknu tilliti til tilgangs ákvæðisins verður að beita þröngri lögskýringu við ákvörðun um það hvort hráefni teljist eðlislíkt þeim hráefnum sem tilgreind eru í a.-c. liðum 4. mgr. Í reglugerðinni er ekki sett fram skilgreining á hugtakinu „*einkennandi hluti*“. Ástæða þess er sú að þetta skilyrði verður ávallt að skoða með hliðsjón af atvikum og framsetningu í hverju tilviki fyrir sig.

Til glöggvunar á skilyrðum um einkennandi hluta vöru og eðlislík hráefni má benda á hugsanleg dæmi um framsetningu á vöru sem inniheldur að hluta innflutt hráefni.

Í fyrsta lagi má nefna vöru þar sem einkennandi hluti hennar er framleiddur úr ull. Við ákvörðun um mat á því hvaða ull teljist eðlislík íslenskri sauðfjárull þarf að teknu tilliti til skrár yfir heiti textíltrefja og þeirri aðgreiningu sem þar er gerð í I. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 1007/2011, um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvara, gera greinarmun á tegundum ullar. Í viðaukanum er gerður greinarmunur á annars vegar sauðfjárull, sbr. 1. lið, og hins vegar hári af ýmsum öðrum dýrum, sbr. 2. lið viðaukans. Af því leiðir að við mat á því hvort um eðlislíka vöru sé að ræða er rétt að líta til þessara ákvæða og hár af ýmsum dýrum sem tiltekin eru í 2. lið viðaukans því ekki talin svo eðlislík íslenskri sauðfjárull að til þess leiði að notkun íslenska þjóðfánans verði í öllum tilvikum óheimil fyrir slíkar vörur. Þó ber jafnframt ávallt að líta til annarra merkinga og framsetningar vörunnar þannig að þess sé gætt að neytendum séu ekki veittar villandi upplýsingar um vöruna, uppruna hennar eða hráefnisins.

Í öðru lagi má nefna dæmi um framleiðslu á tilbúnum rétti úr hökkuðu buffi, úr kjöti ræktuðu hér á landi, með papriku. Sé paprikan ræktuð á Íslandi er ekki vafi um að framleiðandi getur merkt vöruna með íslenska fánanum. Væri um að ræða hakkað buff sem væri framleitt af öðrum framleiðanda með erlendri, innfluttri papriku sem ekki væri einkennandi fyrir vöruna væri jafnframt hægt að merkja hana með íslenskum fána. Hins vegar ef framleiðandi í síðara tilvikinu merkti og/eða auglýsti vöru sína sem „paprikubuff“ eða öðru ámóta orðalagi þá er framleiðandinn þar með að gefa í skyn að paprika sé einkennandi hluti vöru og þar með getur hann ekki notað íslenskan fána þar sem paprikan er innflutt og eðlislíkt hráefni skv. b. lið 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar.

Hér skal þess einnig getið að fyrirtækjum er óheimilt að veita neytendum villandi eða rangar upplýsingar sem áhrif geta haft á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti, skv. 9. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005. Þau ákvæði munu því jafnframt geta komið til álita við mat á því hvort notkun þjóðfána til merkinga á vöru eða í markaðsefni um vöru veiti neytendum villandi upplýsingar.

Um 4. gr.

Í umfjöllun í greinargerð með lögum nr. 28/2016 og nefndarálitum hefur komið fram annars vegar að óheppilegt væri að skilgreina uppruna samkvæmt frumvarpinu á annan hátt en gert sé í upprunareglum EES en hins vegar að sjónarmið að baki reglum um notkun íslenska fánans til markaðssetningar séu í grundvallaratriðum önnur en að baki upprunareglum liggja. Af þessari ástæðu er kveðið á um að við mat á því hvort nægileg aðvinnsla hafi farið fram til þess að vara teljist íslensk í skilningi reglugerðarinnar og ákvæða 12. gr. laga nr. 34/1994 skuli meðal annars tekið mið af ákvæðum bókunar 4 við EES-samninginn. Þannig er unnt að líta til sjónarmiða og grundvallarreglna sem þar koma fram að svo miklu leyti sem þær eru ekki í andstöðu við orðalag 12. gr. laganna. Virðist það þó helst munu koma til álita þegar um

hönnunarvöru er að ræða sem framleidd er erlendis en uppfyllir að öðru leyti þau skilyrði að heimilt verði að merkja hana íslenska fánanum. Í þeim tilvikum geta því komið upp dæmi um að vara sé ekki íslensk að uppruna samkvæmt upprunareglum EES en framleiðanda verði þó heimilt að merkja vöruna íslenska þjóðfánanum.

#### Um 5. gr.

Samkvæmt ákvæði 6. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944 telst hönnunarvara íslensk sé hún hönnuð af íslenskum aðila undir íslensku vörumerki þrátt fyrir að varan sé framleidd erlendis og úr erlendu hráefni enda sé hráefnið ekki eðlislíkt innlendu hráefni sem telst hafa séríslenskan uppruna, einkenni eða eiginleika. Þegar litið er til þess hvað teljist séríslenskur uppruni, einkenni eða eiginleiki verður litið til þeirra hráefna sem tilgreind eru í a.-c. liðum 5. mgr. 12. gr. laganna. Þegar hönnunarvara er merkt íslenska fánanaum samkvæmt heimild í ákvæðinu þrátt fyrir að hún sé framleidd erlendis skal tilgreina framleiðsluland hennar.

Í 2. mgr. 6. gr. er aftur vísað til þess að meðal annars skuli tekið mið af upprunareglum EES við ákvörðun um framleiðsluland, líkt og gert er með ákvörðun um næga aðvinnslu í 4. gr. enda mikilvægt að gæta sem mest samræmis. Það skal þó ítrekað að ákvæði 12. gr. laga nr. 34/1944 og reglugerðar þessarar eru ekki að fullu í samræmi við upprunareglur. Þannig yrði Ísland ekki talið framleiðsluland vöru sem framleidd er erlendis úr erlendu hráefni skv. upprunareglum, þrátt fyrir að ákvæði 12. gr. laga nr. 34/1944 veiti heimild til að slík vara sé að uppfylltum vissum skilyrðum merkt íslenska fánanum. Í 2. mgr. 6. gr. er jafnframt vakin sérstök athygli á því að 6. gr. bókunar 4 við EES-samninginn komi til álita við ákvörðun um framleiðsluland en þar er kveðið sérstaklega á um það að hlutfall framleiðslu geti farið fram í öðru ríki án þess að vara glati uppruna sínum. Þannig getur vara að litlum hluta verið framleidd erlendis en að öllu öðru leyti innanlands en þrátt fyrir það talist innlend framleiðsla.

Ákvæði 3. mgr. felur í sér að neytendum skuli ekki veittar villandi upplýsingar um framleiðsluland vörunnar. Þjóðfáni Íslendinga í merkingum, á umbúðum eða auglýsingum fyrir vöru eða þjónustu gefur til kynna að um íslenska vöru sé að ræða og því þarf að gæta þess sérstaklega þegar vara er framleidd erlendis að greint sé frá því með skýrum og greinargóðum hætti og að slíkar tilgreiningar séu í samræmi við aðrar merkingar. Getur það átt við um staðsetningu merkinganna, leturstærð þeirra, leturgerð og tungumál. Í þessu samhengi skal ítrekuð tenging við ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005.

#### Um 6. gr.

Samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar annast Neytendastofa eftirlit með ákvæðum hennar. Er það í samræmi við 10. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944. Ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, að því er varðar eftirlit, upplýsingaöflun, haldlagningu gagna, viðurlög og réttarúrræði gilda um ákvæði reglugerðar þessarar. Þannig getur Neytendastofa lagt bann við merkingum og markaðssetningu sem stríðir gegn reglugerðinni og eftir atvikum lagt sektir á fyrirtæki fyrir brotin.

Ákvarðanir Neytendastofu á grundvelli reglugerðarinnar verða kærnanlegar til áfrýjunarnefndar neytendamála sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005.

#### Um 7. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringar.

DRÖG